

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar, miðvikudaginn 16. maí 2012 kl. 15:00 í Grunnskólanum á Þórshöfn.

Mætt: Siggeir Stefánsson, Vilborg Stefánsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Kristinn Lárusson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Stefán Benjamínsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir og Helgi Mar Árnason sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsókn um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Ingveldur Eiríksdóttir, umsækjandi um stöðu skólastjóra, kom inn á fundinn, kynnti sig og sat fyrir svörum. Nefndin þakkar Ingveldi kærlega fyrir komuna og góða viðkynningu.

Ákveðið að boða einn annan umsækjanda til viðtals að svo stöddu. HMÁ falið að tilkynna öðrum umsækjendum um stöðu ráðningarferlisins.

2. Skipulagsbreytingar í Grunnskólanum á Þórshöfn

Umræður um drög að tillögu um skipulagsbreytingar sem kynntar voru á síðasta fundi nefndarinnar. Ýmsar útfærslur á skipuritinu ræddar. Lagt til að auglýst verði eftir aðstoðarskólastjóra, til samræmis við fyrirliggjandi tillögu, en nýjum skólastjóra falið að útfæra endanlega útgáfu af skipuritinu, í samvinnu við fræðslunefnd.

Samþykkt samhljóða

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.